

Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Hafnarstræti 9  
400 Ísafjörður

Akureyri, fimmtudagur, 25. júlí 2024  
UST202407-272/D.Ö.H.  
09.04.00

### **Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi á friðlýstu svæði - Friðland í Vatnsfirði**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Verkalýðsfélags Vestfirðinga, dagsett fimmtudaginn, 27. júní 2024, um leyfi til endurnýjunar vatnsveitu í orlofsbyggðinni í Flókalundi innan friðlands í Vatnsfirði.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 96/1975](#). Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um framkvæmdaleyfi til endurnýjunar á neysluvatnslögnum ásamt endurnýjun og tilfærslu á staðsetningu forðatanks neysluvatns fyrir Orlofsbyggðina við Flókalund í Vatnsfirði.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á röskuðu landi innan orlofsbyggðarinnar, sjá nánar skýringarmynd frá umsækjanda aftast í bréfinu. Jarðrask felst í skurðgrefti fyrir vatnslögnum og endurnýjun á vatnsforðatanki. Til að takmarka jarðrask á kjarri og viðkvæmum lággróðri verður grafið með vegöxl austan við hús nr. 8 að reit fyrir vatnstank. Skipta þarf um jarðveg undir forðatanki og jafna út.

Gert er ráð fyrir að reisa létt hýsi yfir nýjan forðatank og verður sótt sérstaklega um byggingarleyfi fyrir því þegar deiliskipulag fyrir byggðina hefur verið samþykkt.

Til þess að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar verður lögð áhersla á að nota vélar af stærð sem valda sem minnstu jarðraski ásamt því að endurnýta yfirborðsgróður þar sem því verður komið við.

Núverandi forðatankur sem stendur ofanvert við efsta bílastæði í byggðinni verður fjarlægður.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun hefur metið verkefnalýsingu umsækjanda. Um er að ræða framkvæmd á svæði innan friðlandsins sem þegar er raskað. Þá eru framkvæmdirnar, eins og þeim er lýst, hluti af framkvæmdum sem lýst er í deiliskipulagi sem er í vinnslu fyrir svæðið. Mikilvægt er að framkvæmdir þessar fari fram utan varptíma og fyrir frost og því er hagur í að þær fari fram fyrir veturinn. Umhverfisstofnun gerir, fyrir sitt leyti, ekki athugasemdir við að

neysluvatnslagnir og forðatankur neysluvatns í orlofsbyggðinni verði endurnýjaður, í samræmi við framkvæmdalýsingu hér að framan.

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina sem svo að hún hafi ekki áhrif á verndargildi friðlandsins. Áhrif á gesti orlofsbyggðarinnar verða einhver á framkvæmdatíma en að líkindum smávægileg. Aðrir gestir friðlandsins verða ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun minnir á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en vatnstakan fer fram innan grunnvatnshlotsins *Vatnsfjörður 101-97-G*. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skulu öll vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau samkvæmt Vatnaáætlun 2022 - 2027. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Hvorugt hefur verið metið í því grunnvatnshloti sem hér um ræðir.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, fyrir hönd Rekstrarfélags Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi fyrir sitt leyti leyfi fyrir endurnýjun vatnsveitu í Orlofsbyggðinni í Flókalundi innan friðlandsins í Vatnsfirði sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið til 15. apríl 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

### **Leyfi til framkvæmda**

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.

Umsækjanda er bent á, með vísan í 6. og 14. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, að framkvæmdin sem hér er til umfjöllunar gæti verið leyfis- eða

tilkynningarskyld til Orkustofnunar en skv. 6 gr. laganna er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Enn fremur segir í 14. gr. laganna að þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Samhliða nýtingu úr grunnvatnshloti þarf að fara fram vöktun á vatnstöku og því hvort breytingar verði á magnstöðu vatnshlotsins vegna hennar til að fylgja eftir þeirri kröfu að grunnvatnshlotið á að ná þeim umhverfismarkmiðum sem hefur verið sett fyrir það þ.e. að magnstaða eigi að vera góð.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.


### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
***sviðsstjóri***

Edda Kristín Eiríksdóttir  
***sérfræðingur***



- Rauð lína: Ný lög frá baðhúsi að nýjum vatnsforðatanki og frá vatnsforðatanki að eldri lögn.
- Grænn rammi: Reitur fyrir nýjan vatnsforðatanki.
- Græn lína: Núverandi lögn.